



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

## Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2012

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Lýðheilsusjóði

Lýðheilsusjóður starfar samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu (41/2007) og reglugerð um lýðheilsusjóð (1260/2011).

Hlutverk sjóðsins er að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga um landlækni og lýðheilsu, bæði innan og utan embættisins, í þeim tilgangi að stuðla að heilsueflingu og forvörnum. Styrkir eru veittir til verkefna eða afmarkaðra hagnýtra rannsókna.

Skilyrði fyrir rannsóknastyrkjum er að Embætti landlæknis hafi aðgang að ópersónugreinanlegum frumgögnum og nauðsynlegum stoðupplýsingum ári eftir að gagnasófnun lýkur. Í samvinnu við styrkþega getur embættið/stjórn sjóðsins einnig veitt þriðja aðila aðgang að gögnum.

Áhersla er lögð á að verkefni séu til eflingar lýðheilsu með áherslu á eitthvað af eftirfarandi þáttum: **áfengis- og vímuefni, tóbaksvarnir, heilbrigða lifnaðarhætti eða geðrækt**. Mikilvægt er að verkefni hafi raunhæf og skýr markmið.

Stjórn Lýðheilsusjóðs úthlutar úr sjóðnum. Áskilinn er réttur til að senda umsóknir til umfjöllunar fagaðila, óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaðila og fjármögnun. Einnig áskilja styrkveitendur sér rétt til að ákveða að styrkir verði greiddir út í samræmi við framvindu hvers verkefnis. Ef sótt er um styrk til framhaldsverkefna þarf framvinduskýrsla að liggja fyrir. Styrkþegum er jafnframt gert að skila inn fjárhagsyfirliti og afriti af kvittunum vegna kostnaðar við verkefnið eða rannsóknina með framvindu eða lokaskýrslum.

Mikilvægt er að í umsókninni sé gerð grein fyrir því hvernig verkefnið verður metið.

Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst 2012 og skal sótt um á eyðublöðum á vef Embættis landlæknis, <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/lydheilsusjodur> Styrkja, sem úthlutað er á árinu, skal vitjað fyrir 31. des. 2012.

Nánari upplýsingar fást í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis. Einungis er tekið á móti umsóknum í tölvupósti á netfangið [lydheilsusjodur@landlaeknir.is](mailto:lydheilsusjodur@landlaeknir.is)